

Fundargerð stjórnar BÍS 10/2015. miðvikudaginn 29. apríl 2015 kl. 17:30 í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110, Reykjavík.

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Friður Finna Sigurðardóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Jón Þór Gunnarsson, formaður alþjóðaráðs, Kristinn Ólafsson, formaður fjármálaráðs, Gunnlaugur Bragi Björnsson, formaður upplýsingaráðs, Una Guðlaug Sveinsdóttir, formaður dagskrárráðs, Bergþóra Sveinsdóttir, formaður ungmennaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

Fjarverandi:

Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs.

Dagskrá:

- 1) Setning:
- 2) Fundargerð síðasta fundar. Samþykkt.
- 3) Fimm mínútur foringjans. HS stýrði.
- 4) Yfirlit stjórnarmanna
 - a) BB. Þátttaka í Sumardeginum fyrsta. Góð messa í Hallgrímskirkju og BB fór síðan í messu í Garðabæinn, flottur bragur á félaginu, fór þaðan í kaffi í Kópaheimilinu og þar var allt til fyrirmyndar. Var í samskiptum við JA vegna dreifingar á íslenska fánanum. Engin skóli hefur afþakkað fánana til þessa. Átti fund með markaðsstjóra Eimskipafélagsins.
 - b) FFS. Félagaráð hefur verið að sinna sínum verkefnum. JA fór á aðalfund í Borgarnesi. Það er verið að vinna umsókn í Erasmus plus vegna vinnuferðar félagaráðs.
 - c) JÞG. Undirbúningur fyrir Norrænu ráðstefnuna er í fullum gangi. 30 þátttakendur koma frá Íslandi. Alþjóðaráð mun vinna í verkefni með Metlife foundation sem kemur í gegnum Úlfjótsvatn. Hefur hitt undirbúningshóp vegna framhalds á Crean fyrir Rekkaskáta.
 - d) KÓ. Var til aðstoðar vegna Sumardagsins fyrsta. Næstu skref er að endurmeta viðburðinn. Nóg af verkefnum framundan í Grænum skátum.
 - e) BS. Ungmennaráð mun hittast fyrir Norrænu ráðstefnuna. BS var með skýrslu vegna verkefnisins Komdu þínu á framfæri á vegum Æskulýðsvettvangsins.
 - f) GBB. Upplýsingaráð hittist fyrir tveimur vikum. Farið var yfir áherslur ráðsins. Vilji fyrir að vera meira í eftirlitshlutverki yfir þau verkefni sem eru gefin út. Einnig að formfesta það efni sem gefið er út frá okkur. Opinn fundur var með skátabúninginn í gær. Fínar umræður og fékk GBB innlegg í áframhaldandi vinnu.
 - g) UGS. Dagskrárráð hefur hist einu sinni. Vilji að vera virk í þróunarvinnu vegna starfsgrunnnsins. Vinnuhópur vegna starfsgrunnns og hvatakerfis og dagskrárráð hittast nk. Mánudag og fara yfir málin. Fór á fund með BB og HS og fékk

örnámskeið í starfssemi BÍS. Var á fundi með Dagbjörtu frá BÍS og Jóni Andra frá SSR vegna námskeiðs fyrir sumarstarfsmenn.

5) Meginviðfangsefni

a) Fjármál

- i) BÍS. HS gerði grein fyrir fjárhagsstöðu BÍS. Hún er skv. áætlun.
- ii) Dótturfélög. HS gerði grein fyrir fjárhagsstöðu dótturfélaga. Grænir skáta ganga vel. Húsnæðislán á Hvaleyrarbraut 22 greitt upp í síðustu viku og verið er að byggja milliloft þar. Auk þess sem var keyptur gamall pallbíll fyrir Tjaldaleigu skáta. Frekari fjárfestingar eru áfram í Grænum skátum og Skátabúðinni. Fjármál í jafnvægi.
- iii) Styrktarpinni skáta. Innheimta styrktarpinna skáta er með svipuðu móti og verið hefur og gerð var önnur tilraun með að fá fyrirtæki til að styrkja okkur. Innkoma fyrirtækjanna er í svipuðum farvegi og í fyrra. Í báðum þessum fjáröflunum fór greiðslubeiðnin inn sem krafa en ekki valgreiðslukrafa. Það birtist grein á vísir.is um málið í dag þar sem Skátarnir koma á framfæri afsökunarbeiðni vegna þessa. Um 40 einstaklingar hafa kvartað og um 40 fyrirtæki. Í flestum tilfellum hafa kröfurnar verið felldar niður í samráði við viðkomandi.
- iv) Skátablaðið. Styrktarlínur sem hafa safnast eru með svipuðu móti og 2013 og stefnt er að því að Skátablaðið komi út í kringum 20. maí og verði rekið á núlli. Óheppilegt þykir að safna styrktarlínum á sama tíma og safna vegna Styrktarpinnans. Þarf að skoða fyrir næsta ár.

b) Heimsókn frá mótstjóra World Scout Moot 2017. Hrönn Pétursdóttir, mótstjóri kom í heimsókn og gaf yfirlit yfir stöðu mála. Stjórn þakkar fyrir og óskar World Scout Moot hópnum velfarnaðar í áframhaldandi undirbúningi.

c) Starf stjórnar

- i) Meginfundarefni stjórnar BÍS. Samþykkt.
- ii) Starfsreglur stjórnar. Vísað til næsta fundar.
- iii) Samskiptareglur stjórnar. Samþykkt.
- iv) Helstu verkefni starfsmanna Skátamiðstöðvarinnar. HS hélt áfram með yfirlit yfir helstu verkefni starfsmanna og stjórnar. Stjórnir Þjóðþrifa og Skátabúðarinnar hafa samþykkt að ráða framkvæmdastjóra yfir bæði þessi fyrirtæki og fór auglýsing í loftið um síðustu helgi. Stefnt er að því að ráða í þetta stöðugildi sem fyrst.

6) Afgreiðslumál

- a) Fundur með Skátasambandi Reykjavíkur. Vegna óviðráðanlegra aðstæðna þurfti að fresta fundi með SSR til næsta fundar.
- b) Sumardagurinn fyrsti. Stjórn BÍS þakkar Skátasambandi Reykjavíkur fyrir umsjá með Sumardeginum fyrsta í Hallgrímskirkju, undirbúningshópi og þeim fjölmörgu sjálfboðaliðaliðum komu að undirbúningi og framkvæmd athafnar í Hallgrímskirkju á Sumardaginn fyrsta. JÞG predikaði í Hjallakirkju, BB var með ræðu í Vídalínskirkju og kíkta kaffi til skf. Vífils og skf. Kópa.
- c) Fjárhagsáætlun Róverway 2016. Samþykkt.
- d) Fjárhagsáætlun íslenska hópsins á World Scout Moot 2017. Samþykkt.

- e) Bréf frá Skátasambandi Reykjavíkur vegna Úlfjótsvatns sf. Tilkynning um að Sveinn Guðmundsson taki sæti SSR í stjórn Úlfjótsvatns sf. Í stað Jónatans Smára Svavarssonar. Erindi móttakið.
 - f) Erindi frá Friðriki Zophussyni vegna Úlfjótsvatn sf. Erindi um að OR taki að sér að skipta upp afmörkun landanna fyrir eigendur Úlfjótsvatns, þ.e. sameign og séreign. Samþykkt.
 - g) Vinnufundur stjórnar og ráða. Samþykkt að halda slíkan fund í haust. BB og FFS er falið að vinna málið áfram og senda drög að dagskrá á stjórn fyrir næsta stjórnarfund.
 - h) Tillögur frá framkvæmdastjóra vegna framkvæmda á Úlfjótsvatni. Samþykktar.
 - i) Ráðning framkvæmdastjóra. HS vék af fundi. Starfsamningur HS rennur út í lok október. BB og KÓ er falið að ganga frá endurnýjun samnings til þriggja ára.
 - j) Erindi frá Almannaheill. BÍS boðið að taka þátt í ráðstefnunni 11.-13. júní. Samþykkt að taka þátt í þessum viðburði. Ákvörðun um framkvæmdahóp er frestað fram til næsta fundar. JA er falið að fá meiri upplýsingar og senda á stjórn.
 - k) Félagatal. Vinnuhópur skilar af sér þarfagreiningu vegna félagatals. Stjórn BÍS þakkar hópnum fyrir vel unnin störf. GBB og HS er falið að vinna málið áfram.
- 7) Fundargerðir / starfsyfirlit
- a) Ársskýrsla, ársreikningar og fundargerð Endurvinnslunnar voru lagðar fram.
 - b) Gögn vegna alþjóðamála BÍS voru lögð fram.
 - c) Fundargerð framkvæmdanefndar Vigdísar Finnbogadóttur var lögð fram.
 - d) Fundargerð Æskulýðsráðs var lögð fram.
- 8) Önnur mál
- a) Dagsetning á Skátapiing. Lagt er til að færa Skátapiing 11.-13. mars 2016. Samþykkt.
 - b) Samþykkt að bjóða tengilið evrópustjornar WOSM á Bland í poka- JPG sendir boð.
 - c) Félagatal. Stjórn samþykkir að eingöngu starfsmenn séu með aðgang að félagatali. HS falið að koma því í framkvæmd.

Fundi slitið kl. 20.00
Fundargerð ritaði HS